



257. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 21. september 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Þráinn Hafsteinsson, Þórey Edda Elísdóttir, Örn Andrésson, og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri. Ása Ólafsdóttir var í símasambandi við fundinn.

Forföll: Jón Finnbogason, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

Í upphafi fundar færði forseti ÍSÍ Þóreyju Eddu blómvönd og gjöf í tilefni af fæðingu sonar hennar og 40 ára afmæli hennar 30. júní sl.

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Búið er að kalla eftir umsóknum frá sérsamböndum ÍSÍ um einstaklingsstyrki Ólympíusamhjalpar fyrir næstu Ólympíuöðu og verður tillaga að styrkþegum send stjórn að umsóknarferli loknu.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá undirbúningi að ráðstefnu verkefnisins Sýnum karakter, sem haldin verður í Laugardalshöll 29. september nk. Ráðstefnan, sem mun bera yfirskriftina Allir með, er fyrir ungmenni á aldrinum 13-25 ára. Markmiðið er að varpa frekara ljósi á ástæður þess að ungmenni velja að hætta þátttöku í íþróttum og að hvetja stjórnendur íþróttahreyfingarinnar til að auka samtal og samráð við ungmenni og finna leið til að auka þátttöku ungs fólks í starfinu.

Ýmis verkefni eru framundan hjá sviðinu, svo sem Forvarnardagur forseta Íslands 4. október nk. og vinnufundur fagráðs og starfsmanna sviðsins 19. október nk.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir það helsta úr starfi sviðsins. Evrópska Íþróttavikan (European Week of Sport) stendur yfir dagana 23. – 30. september nk. og verður formlega ræst með Hjartadagshlaupinu. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Þetta verður í annað sinn sem Íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

Vinnufundur fagráðs og starfsmanna sviðsins er áætlaður 9. nóvember nk.

3. Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ kom inn á fundinn til að svara fyrirspurnum. Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSÍ fylgdi tillögnum eftir.

Lögð fram tillaga að úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ að upphæð samtals 70,5 millj. króna en áður var búið að úthluta samtals 29,5 millj. króna til þriggja sérsambanda og er því heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ alls 100 millj. króna. Úthlutunin byggir á

upplýsingum um umfang og verkefni ársins í afreksstarfi viðkomandi sérsambands, umgjörð afreksstarfsins og öðrum þáttum sem gerð er krafa um í Reglugerð ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ.

FSÍ	kr.	8.000.000,-
GSÍ	kr.	6.000.000,-
HSÍ	kr.	13.000.000,-
ÍF	kr.	5.000.000,-
KRA	kr.	6.000.000,-
SSÍ	kr.	8.000.000,-
BLÍ	kr.	4.000.000,-
BSÍ	kr.	1.600.000,-
DSÍ	kr.	1.600.000,-
ÍHÍ	kr.	1.700.000,-
JSÍ	kr.	1.600.000,-
KAÍ	kr.	1.600.000,-
KLÍ	kr.	1.600.000,-
LH	kr.	2.000.000,-
SKY	kr.	1.600.000,-
STÍ	kr.	4.200.000,-
BTÍ	kr.	400.000,-
ÍSS	kr.	400.000,-
LSÍ	kr.	200.000,-
SÍL	kr.	600.000,-
TKÍ	kr.	800.000,-
TSÍ	kr.	200.000,-
ÞRÍ	kr.	400.000,-
Samtals	kr.	70.500.000,-

Úthlutunin samþykkt samhljóða. Bókaðar þakkir til stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og starfsfólks sviðsins fyrir mikið og gott starf.

4. Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) óskaði eftir því í nóvember 2015 að hefja ferli til að hljóta gæðavottun ÍSÍ sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri skrifstofu ÍSÍ á Akureyri hefur haft umsjón með málinu. Nú hefur UMSE skilað inn öllum tilskildum gögnum og óskað er eftir vottun ÍSÍ um að sambandið sé nú Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Samþykkt samhljóða að staðfesta UMSE sem fyrsta íþróttahéraðið til að öðlast gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Forseta og framkvæmdastjóra falið að finna heppilega dagsetningu fyrir afhendingu viðurkenningarinnar í samráði við UMSE.

5. Starfsskýrslur ÍSÍ

Skrifstofustjóri fór yfir skil á starfsskýrslum. Heildarskil eru nú um 88%. Um 90% skil eru ár ársreikningum en 86% á félaga- og iðkendatali. Samþykkt að beita ekki ákvæðum í 8. grein

laga ÍSí um keppnisbann vegna vanskila að þessu sinni þar sem tæknilegir örðugleikar í Felix hafa haft hamlandi áhrif á skil.

6. Byggingar- og skipulagsmál

Forseti skýrði frá tillögu Byggingar- og skipulagsnefndar ÍSí um að fá fagaðila til að taka út húsnæðisþörf ÍSí og sérsambanda ÍSí. Kostnaðaráætlun slíkrar úttektar er um 2 milljónir króna. 73. Íþróttaping ÍSí samþykkti að stofna Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSí og að stofnframlag sjóðsins verði 40% af auka arðsúthlutun Íslenskrar getspar árin 2016 og 2017 eða 50,4 milljónir króna. Sjóðurinn mun greiða fyrir úttektina.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Viðhaldsáætlun

Forseti skýrði frá því að unnið sé að yfirliti yfir viðhaldsþarfir Íþróttamiðstöðvarinnar í samstarfi við húsasmíðameistara.

8. Framboð til stjórnar EOC

Forseti skýrði frá umræðum á Nordic Meeting í Þórshöfn í Færeyjum um framboð til stjórnar EOC. Niels Nygaard forseti Danska íþrótt- og Ólympíusambandsins býður sig fram til varaforseta EOC og Líney Rut býður sig fram til stjórnar EOC. Nú nýlega kom í ljós að Susanna Rahkamo varaforseti Ólympíunefndar Finnlands býður sig einnig fram til stjórnar EOC. Framundan eru nokkur tækifæri til að vinna að framboði Líneyjar Rutar en stærsti vettvangurinn er á ársþingi ANOC í Prag í byrjun nóvember.

9. Formleg aðvörun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

Borist hefur erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er varðar formlega aðvörun frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um ætluð brot íslenskra stjórnvalda gegn 4. og 28. grein Samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 1. og 4. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins nr. 492/2011 um frjálst flæði launþega innan sambandsins og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/38/EB um rétt EES- ríkisborgara og fjölskyldna þeirra til frjálstrar farar og búsetu innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, sbr. EB reglugerð nr. 1612/68, sbr. meðfylgjandi bréf ESA, dags. 21. júní 2017. Hin ætluðu brot felast að mati ESA í því að 18. grein reglugerðar Körfuknattleikssambands Íslands um körfuknattleiksmót mælir fyrir um takmörkun á fjölda erlendra leikmanna sem taka þátt í kappleik hverju sinni. Ráðuneytið óskar eftir greinargerð frá ÍSí um afstöðu sambandsins til ætlaðra brota. Sérstaklega er leitað eftir umsögn ÍSí hvort aðvörun ESA gefi tilefni til einhverra breytinga á lögum ÍSí eða reglugerð KKÍ.

Framkvæmdaráð ÍSí hefur óskað eftir áliti laganefndar ÍSí á málinu. Laganefnd hefur fjallað um málið og óskað eftir upplýsingum frá KKÍ. Málið verður aftur tekið fyrir á fundi nefndarinnar 3. október. Búið er að sækja um viðbótar skilafrest á umsögn ÍSí til ráðuneytisins.

10. Heiðranir

Engar liggja fyrir. Forseti skýrði frá afhendingu Gullmerkis ÍSí til Petur Elias Petersen fyrrum forseta Íþróttasambands Færeyja en stjórn staðfesti þá heiðursveitingu í gegnum tölvupósti. Merkið var afhent í tengslum við Nordic Meeting 2017 sem haldinn var í Þórshöfn í Færeyjum 8.-10. september.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 256. fundur framkvæmdastjórnar
- 17. og 18. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundir Afrekssjóðs ÍSÍ 6. september og 18. september
- Fundur laganefndar 19. september 2017

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir stjórnar eru áætlaðir 19. október og 16. nóvember. Vinnufundur stjórnar verður einnig haldinn 19. október, strax á eftir fundi stjórnar.

14. Önnur mál

Heimsóknir forseta til íþróttahéraða

Forseti skýrði frá fyrirhugaðri heimsókn til HSH, UDN og HSS 26. september nk.

Nordic Meeting 2017

Forseti skýrði frá því helsta sem fram kom á fundi norrænna íþrótt- og Ólympíusamtaka sem haldinn var í Þórshöfn í Færeyjum 8.-10. september sl. Ákveðið var að skipa vinnuhópa varðandi hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og mögulega samvinnu um samnorrænar rannsóknir á sviði íþróttar en einnig var samþykkt að koma á laggirnar samnorrænu viðburðardagatali.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari